

## MINNISBLAÐ

### SKJALALYKILL

100464-MIN-001-V01

### DAGS.

25.01.2024

### SENDANDI

Victor Berg Guðmundsson  
(LavaConcept Iceland)  
Snævarr Örn Georgsson (EFLA)

### MÁLEFNI

Svör við athugasemdum umsagnaraðila um umhverfismatskýrslu

### VERKHEITI

MÁU efnistaka í Höfðafjöru

### VERKKAUPI

LavaConcept Iceland ehf.

### DREIFING

Skipulagsstofnun

## Svör LavaConcept Iceland

Umhverfismatskýrsla LavaConcept Iceland um fyrirhugaða efnistöku í Höfðafjöru á Kötlutanga var auglýst þann 22. nóvember 2023 og var athugasemdafrestur til 5. janúar 2024. Mýrdalshreppur óskaði eftir lengri frest til 18. janúar 2024. Umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Vegagerðin (21. desember 2023)
- Minjastofnun Íslands (21. desember 2023)
- Hafrannsóknarstofnun (2. janúar 2024)
- Sveitarfélagið Ölfus (4. janúar 2024)
- Náttúrufræðistofnun Íslands (5. janúar 2024)
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (5. janúar 2024)
- Mýrdalshreppur (19. janúar 2024)

Umsagnir Vegagerðarinnar, Minjastofnunar, Hafrannsóknarstofnunar, Ölfus og Heilbrigðiseftirlits voru flestar stuttar og gerðu engar efnislegar athugasemdir við umhverfismatið eða framkvæmdina. Það er því engin þörf á viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim umsögum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kom fram ein ábending:

- „Þá má sjá á loftmyndum gróið svæði við smá læk rétt austan við Miðkvísl þar sem fuglar gætu haldið sig. Rétt væri að kanna þessi svæði á varptíma og þá væri hægt að hliðra veginum þannig að hann sneiði hjá fuglaríkum svæðum“

Reynt verður að forðast gróin svæði við læk austan miðkvíslar enda er það hagur framkvæmdaraðila að vegurinn liggja ekki um blaut svæði. Framkvæmdaraðili vill ekki taka áhættu á því að þung ökutæki festist í blautum sandi heldur er betra að vegslóðin liggja þar sem undirlag er þurrt og þétt og engrar sérstakrar vegagerðar er krafist á sandinum. Endanleg lega vegar er þó háð samþykki landeiganda.

Umsögn Mýrdalshrepps gerði enga efnislega athugasemd við umhverfismatið eða framkvæmdina sem slíka, heldur var umsögn frá því um matsáætlun endurtekin.

- „*Vísast því til fyrri umsagnar sveitarfélagsins þar sem segir: Sveitarstjórn mælist til þess að matsáætlun taki mið af skilmálum í auglýstu endurskoðuðu aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033, m.t.t. stærðar fyrirhugaðrar námu og vinnslutíma. Skv. matsáætluninni þverar akstursleið einkaland frá efnistökusvæði um Mýrdalssand að Þjóðvegi. Liggja þarf fyrir samkomulag við hlutaðeigandi áður en akstursleið verður skilgreind með þessu móti. Enn fremur mælist ráóið til þess að aðkoma af Þjóðvegi 1 að efnisvinnslusvæði við Uxafótalæk verói skoðuð í samráði við Vegagerðina til þess að gætt verði að umferðaröryggi.*“

Framkvæmdaraðili er ekki sammála því að ekki hafi verið brugðist við fyrri athugasemd Mýrdalshrepps. Efnistökusvæðið var minnkað í samræmi við óskir sveitarfélagsins og er sérstaklega fjallað um þessa breytingu í köflum 1.2.5 og 2.2.1. Aðalskipulagið leyfir að hámarki 500.000 m<sup>3</sup> og er gildistími þess til 2033, en líftími efnistökkunnar er mun lengri og er umfjöllun umhverfismat í samræmi við áætlaðan heildarlíftíma framkvæmdarinnar. Ef hægt er að hefja efnistöku strax sumarið 2024 verður búið að taka um 315.000 m<sup>3</sup> þegar endurskoða þarf aðalskipulagið árið 2033 og verða þá heimildir og vinnslutölur að öllum líkindum endurnýjaðar/uppfærðar með tilliti til þeirrar reynslu og þekkingar sem hefur aflast við efnistöku. Efnistakan er því í samræmi við heimildir gildandi aðalskipulags og innan ramma þess.

Hvað varðar samráð við landeigendur og Vegagerðina þá endurtekur framkvæmdaraðili svar sitt frá því í matsáætlun að „*varðandi langeigendamáli þá verður samið við viðkomandi landeiganda og samráð verður haft við Vegagerðina um útfærslu á beygju inn á og út af Þjóðvegi 1. Það eru samt bæði bara formleg samningsatriði sem ekki stendur til að fjalla sérstaklega um í umhverfismatsskýrslu*“. Framkvæmdaraðili vekur athygli á því að Vegagerðin var formlegur umsagnaraðili og hefur verið upplýst um málið frá upphafi og gerði engar athugasemdir við tilhögun framkvæmdarinnar, flutningsleiðir, magn eða tíðini flutninga.